

**A 1669/presidiet**

Lagt fram af:
Höskuldi Þórhallssyni (F)

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00241-1

Þingmannatillaga um sjónvarpsverðlaun Norðurlandaráðs

Norrænir sjónvarpsþættir auka hróður norrænnar menningar víða um lönd.

Norrænn almenningur getur horft á og fylgst með norrænu sjónvarpsefni sem dreift er innan Norðurlanda. Þetta geta verið stakir þættir eins og heimildamyndir eða fræðsluþættir, lífsstíls- eða skemmtiþættir eða þá að um er að ræða leikna framhaldsþætti, grínþætti eða glæpaþætti.

Norrænir lögregluþættir, svonefndir Nordic Noir, og aðrir norrænir framhaldsþættir eru keyptir af sjónvarpsstöðvum um allan heim og vinna til verðlauna á alþjóðlegum sjónvarpshátíðum eins og Emmy-hátíðinni.

Áhugi á norrænum framhaldsþáttum er mikill og á stóru alþjóðlegu kaupstefnunni MIPTV í Cannes 2015 var norrænt sjónvarpsefni í fyrsta sinn í kastljósinu með kynningunni Focus on the Nordics.

Norrænt sjónvarp leggur rækt við norræna menningu og tungumál Norðurlanda. Erlendis er norrænum framhaldsþáttum sjónvarpað á frummálinu og með texta en eins eru til enskumælandi útgáfur af norrænum sjónvarpsþáttum.

Norrænir sjónvarpsframleiðendur eiga samstarf um gerð norrænna framhaldsþátta og auka þannig dreifingu norræns sjónvarpsefnis um Norðurlönd jafnframt því að vekja athygli á Norðurlöndum alþjóðlega.

Því telur flutningsmaður tillögunnar að Norðurlandaráð eigi að efla norræna menningu og ímynd Norðurlanda út á við með því að veita sjónvarpsverðlaun Norðurlandaráðs árlega og vekja þannig athygli á framleiðslu norræns sjónvarpsefnis.

Verðlaunin myndu einnig glæða áhuga norrænna sjónvarpsstöðva á að senda beint frá verðlaunaafhendingu Norðurlandaráðs en það myndi vera lyftistöng fyrir norræna menningu og vekja athygli á norrænu samstarfi.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að stofnað verði til sjónvarpsverðlauna Norðurlandaráðs.

Ósló, 8. september 2015

Anders Eriksson (ÅF)

André N. Skjelstad (V)

Arto Pirttilahti (cent)

Carl Haglund (sv)

Hanna Kosonen (cent)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Jan Lindholm (MP)

Johanna Karimäki (gröna)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Katri Kulmuni (cent)

Krista Mikkonen (gröna)

Lars Tysklind (FP)

Marcus Knuth (V)

Mikko Kärnä (cent)

Morten Løkkegaard (V)

Ola Johansson (C)

Penilla Gunther (KD)

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Villum Christensen (LA)

Norðurlandaráð

A 1669/presidiet

Lagt fram af:
Höskuldi Þórhallssyni (F)

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00241-1